

# STÖÐVUM KENNITÖLU- FLAKK

TILLÖGUR SA OG ASÍ  
20. JÚNÍ 2017



Alþýðusamband Íslands




# Hvað er kennitölufلاك?



Kennitölufلاك felur í sér að viðkomandi félag hættir starfsemi en rekstur þess heldur áfram í gegnum annað félag með nýrri kennitölu enda sé markmiðið með gjaldþrotinu að komast undan einhverjum eða öllum lagalegum skuldbindingum félagsins.



# Hvernig rekstrarumhverfi viljum við hafa á Íslandi?



# Hvernig er hægt að sporna gegn kennitöluflakki án þess að þrengja að lögmætri atvinnustarfsemi?

Það er ekki auðvelt verkefni fyrir löggjafann að takast á við kennitöluflakk þar sem of vægt regluverk nær ekki að leysa vandamálið með fullnægjandi hætti en of strangt regluverk getur á hinn bóginn komið í veg fyrir lögmæta og arðvænlega atvinnustarfsemi



*„The principle is the freedom of contract, and the right of unlimited association – the right of people to make what contracts they please on behalf of themselves ... as long as they do not commit fraud, or otherwise act contrary to the general policy of the law“*

*- Robert Lowe, faðir nútíma félagaréttar, 1856 -*



# Atvinnurekenda- og verkalýðshreyfingar á Norðurlöndum hafa stutt umfangsmiklar aðgerðir gegn kennitölufлакki



Danska atvinnurekendahreyfingin var samstíga um að styðja frumvarp til laga um atvinnurekstrarbann 2014

„Það er þannig gleðilegt að nú verði heimild til, að stöðva einstaklinga, sem hafa á kostnað kröfuhafa, með grófum og óverjandi viðskiptaháttum valdið tjóni“

- Dönsku atvinnurekendasamtökin, Dansk Erhverv, um frumvarp til laga um atvinnurekstrarbann -

DANSK  
ERHVERV



Dansk Industri



Alþýðusamband Íslands



# Gera verður greinarmun á kennitölufлакki og hefðbundnum gjaldþrotaskiptum

## Þrjár tegundir gjaldþrotaskipta

### Hefðbundið gjaldþrot

- Ásetningur að standa við lagalegar skuldbindingar eins og hægt er.
- Eignum eða réttu andvirði þeirra er ráðstafað upp í skuldir eftir reglum gjaldþrotaskiptalaga.

### Kennitöluflakk, ásetningur á síðari stigum

- Félag í greiðsluerfiðleikum er rekið í gjaldþrot og stofnað er nýtt félag. Eignir færðar að hluta eða að öllu leyti yfir í hið nýja félag á **undirverði eða án endurgjalds**.
- Nýja félagið almennt starfrækt undir sama viðskiptanafni og út á við eins og engin breyting hafi orðið.
- Reksturinn heldur áfram í nýja félaginu og skuldir eldra félagsins eru hreinsaðar.

### Kennitöluflakk, ásetningur frá upphafi

- Alvarlegasta tegund kennitöluflakks.
- Oft litlar sem engar eignir og tilgangur fyrst og fremst að misnota hlutafélagaformið með ólögumætum hætti.
- Í þessum tilvikum er oft um að ræða kerfisbundið gjaldþrot félaga.



# Hverjir eru tjónþolar kennitölufلاكs?

## Kröfuhafar

- Fyrirtæki og félagasamtök
- Ríkissjóður
- Stéttarfélög
- Lífeyrissjóðir
- Launafólk

## Óbeinir kröfuhafar

- Kennitölufلاك getur birst í keðjuverkandi áhrifum, þ.e. hugsanlegt er að tjón kröfuhafa vegna kennitölufلاكs sé slíkt að það leiði til gjaldþrots
- Áhrifin geta haldið lengra niður keðjuna og haft svokölluð snjóboltaáhrif

## Samkeppnis- aðilar


- Félag sem stundar ólögmdæta háttsemi sem telst til kennitölufلاكs öðlast ósanngjarnt samkeppnisréttarlegt forskot

**Á endanum er það almenningur allur sem verður fyrir afleiddu tjóni meðal annars í formi aukinnar skattheimtu, minni þjónustu og hærra vöruverðs**




# Tölulegar staðreyndir um gjaldþrotaskipti

Hefur fyrirtækið þitt orðið fyrir tjóni vegna kennitöluflakks?



Áætluð skipting tjóns vegna kennitöluflakks í Ástralíu




- Niðurstaða rannsóknar Inga Þórs Arnarssonar og Söndru Hauksdóttir við viðskiptafræðideild HR 2005 -

- Phoenix activity. Sizing the problem and matching solutions, Fair Work Ombudsman og PwC, júní 2012, bls. 15 -



# Tölulegar staðreyndir um gjaldþrotaskipti

Tíðni gjaldþrota hjá framkvæmdastjórum og stjórnarmönnum félaga með takmarkaðri ábyrgð tímabilið 2008 - 2015



# Tillögur SA og ASÍ

- 1 Atvinnurekstrarbannsheimild
- 2 Lífeyrissjóðsiðgjöld verði betur vernduð
- 3 Nefnd skipuð um hvernig megi styrkja stöðu kröfuhafa
- 4 Heimild ráðherra til að slíta félögum skv. 107. gr. hlutafélagalaga færð yfir til ríkisskattstjóra
- 5 Ríkisskattstjóri fái upplýsingar um refsidóma í tengslum við atvinnurekstur
- 6 Opinberir aðilar marki sér heildstæða stefnu um aðkomu að þrotabúum félaga
- 7 Hæfisskilyrði hlutafélaga nái til skuggastjórnenda
- 8 Fræðsla



# Tillögur SA og ASÍ

## 1 Atvinnurekstrarbannsheimild

2 Lífeyrissjóðsiðgjöld verði betur vernduð

3 Nefnd skipuð um hvernig megi styrkja stöðu kröfuhafa

4 Heimild ráðherra til að slíta félögum skv. 107. gr. hlutafélagalaga færð yfir til ríkisskattstjóra

5 Ríkisskattstjóri fái upplýsingar um refsidóma í tengslum við atvinnurekstur

6 Opinberir aðilar marki sér heildstæða stefnu um aðkomu að þrotabúum félaga


7 Hæfisskilyrði hlutafélaga nái til skuggastjórnenda

8 Fræðsla



# Atvinnurekstrarbann

## Lögfesting atvinnurekstarbanns vegna kennitöluflakks



### Vandamál

Íslendinga skortir úrræði til þess að stöðva kennitöluflassara og aðra vanhæfa einstaklinga frá því að halda áfram að valda samfélaginu tjóni.



### Tillaga

Heimild til þess að svipta þá einstaklinga sem teljast vanhæfir á grundvelli óverjandi viðskiptahátta eða rökstudds gruns um refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur, tímabundið heimild sinni til þess að taka þátt í stjórnun félags með takmarkaðri ábyrgð enda standi ríkir almannahagsmunir fyrir réttindasviptingunni.



# Atvinnurekstrarbann



## Til hverra nær atvinnurekstrarbannið?

Einstaklinga sem tekið hafa þátt í stjórnun félaga með takmarkaðri ábyrgð hvort sem þeir eru skráðir sem slíkir eða stýra félaginu í raun sem skuggastjórnendur.



## Hver er tilgangurinn með atvinnurekstrarbanni?

Ekki að refsa heldur að vernda kröfuhafa og almenning.



## Hvað felst í atvinnurekstrarbanni?

Bann við því að taka þátt í stjórnun hlutafélags í takmarkaðan tíma. Þeim sem er í atvinnurekstrarbanni er heimilt að eiga eignarhlut í hlutafélagi og reka félag með persónulegri og ótakmarkaðri ábyrgð.



## Hvernig fer einstaklingur í atvinnurekstrarbann?

Ríkisskattstjóri tekur ákvörðun þess efnis. Embættið þarf svo að fá gefna út réttarstefnu til héraðsdóms til staðfestingar á atvinnurekstrarbanninu, nema sá sem ákvörðun beinist að hafi lýst því yfir að hann uni við ákvörðunina án málshöfðunar.



# Atvinnurekstrarbann

## 3

### Hve lengi varir atvinnurekstrarbannið?

Þrjú ár nema sérstakar ástæður réttlæti að bannið sé ákveðið styttra.



### Hver yrðu fjárhagsleg áhrif frumvarpsins?

- Danir áætluðu að hver dönsk króna skilaði sér um sjöfalt til baka.
- Reynolds Ástralía er að hver ástralskur dalur sem settur er í aukna eftirfylgni með kennitölufлакki skili sér áttfalt til baka.



### Hvað þýðingu hefur brot á atvinnurekstrarbanni?

- (A) Sekt eða fangelsi í allt að níu mánuði.
- (B) Persónuleg og ótakmörkuð ábyrgð á skuldum og skuldbindingum þeirra félaga sem viðkomandi tekur þátt í að stýra sem ekki fást greiddar.
- (C) Ný ákvörðun um atvinnurekstrarbann.



### Eiga upplýsingarnar að vera opinberar?

Lagt er til að upplýsingar um þá sem eru í atvinnurekstrarbanni eigi að vera aðgengilegar þegar endanleg ákvörðun þess efnis liggur fyrir.



# Tillögur SA og ASÍ

1 Atvinnurekstrarbannsheimild

**2 Lífeyrissjóðsiðgjöld verði betur vernduð**

3 Nefnd skipuð um hvernig megi styrkja stöðu kröfuhafa

4 Heimild ráðherra til að slíta félögum skv. 107. gr. hlutafélagalaga færð yfir til ríkisskattstjóra

5 Ríkisskattstjóri fái upplýsingar um refsidóma í tengslum við atvinnurekstur

6 Opinberir aðilar marki sér heildstæða stefnu um aðkomu að þrotabúum félaga

7 Hæfisskilyrði hlutafélaga nái til skuggastjórnenda

8 Fræðsla



# Verndun iðgjalda í lífeyrissjóði

## Hvernig tryggjum við réttarverndina?

Lífeyrissjóðsiðgjöldum bætt við upptalningu 1. mgr. 262. hegningarlaga.

**262. gr. hegningarlaga.** [Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn 1., 2. eða 5. mgr. [ [109. gr. laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt], <sup>1)</sup> sbr. og 2. mgr. 22. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, 1., 2. eða 7. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. og 11. gr. laga um tryggingagjald, og gegn 1. eða 6. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt, eða 3. mgr. 7. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða skal sæta ... <sup>2)</sup> fangelsi allt að 6 árum. Heimilt er að dæma fésekt að auki samkvæmt þeim ákvæðum skattalaga er fyrr greinir.



## Vandamál

Atvinnurekendur eru vörsluaðilar lífeyrissjóðsiðgjalda og vörsluskatta. Ólíkt vörslusköttum hefur það engar sérstakar lagalegar afleiðingar fyrir stjórnendur að skilja eftir lífeyrissjóðsiðgjöld í eignalausum þrotabúi. Mikilvægt er að lífeyrissjóðsiðgjöldum sé tryggð sambærileg réttarvernd.



## Tillaga

- Meiriháttar brot á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda sæti refsiviðurlögum.
- Heimild til að afskrá laungreiðanda sem hefur sætt áætlunum lífeyrissjóðsiðgjalda samfelld í tiltekinn tíma af laungreiðendaskrá.
- Samlestur staðgreiðsluskrár við iðgjaldaskrá lífeyrissjóða verði aukinn.





# Tillögur SA og ASÍ

- 1 Atvinnurekstrarbannsheimild
- 2 Lífeyrissjóðsiðgjöld verði betur vernduð
- 3 Nefnd skipuð um hvernig megi styrkja stöðu kröfuhafa**
- 4 Heimild ráðherra til að slíta félögum skv. 107. gr. hlutafélagalaga færð yfir til ríkisskattstjóra
- 5 Ríkisskattstjóri fái upplýsingar um refsidóma í tengslum við atvinnurekstur
- 6 Opinberir aðilar marki sér heildstæða stefnu um aðkomu að þrotabúum félaga
- 7 Hæfisskilyrði hlutafélaga nái til skuggastjórnenda
- 8 Fræðsla



# Nefnd skipuð um hvort og þá hvernig megi styrkja stöðu kröfuhafa þrotabúa með lagabreytingum



## Hlutverk nefndar

- SA og ASÍ leggja til að nefnd viðeigandi aðila verði skipuð til að skoða hugsanlegar lagabreytingar.
- Nefndin skuli skoða sérstaklega hvort hægt sé að bæta stöðu kröfuhafa þrotabús sem vill fara í riftunarmál skv. XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.
- Reyndin er sú í dag að algengt er að kröfuhafar telji að slík mál séu ekki fýsilegur kostur þar sem hugsanlegur ávinningur standi vart undir kostnaði. Sérstaklega á það við um smærri kröfuhafa.



## Vandamál

Leiða má líkum að því að fjöldi refsí-, riftunar- og skaðabótamála sé í engu samræmi við umfang kennitöluflakks hér á landi.



## Tillaga

SA og ASÍ telja vert að skoða hvort og þá hvernig megi styrkja stöðu kröfuhafa þrotabúa með lagabreytingum og hugsanlega búa til hvata fyrir kröfuhafa til að rækja hlutverk sitt sem slíkir. SA og ASÍ leggja til að nefnd viðeigandi aðila verði skipuð til að skoða hugsanlegar lagabreytingar.



# Aðrar tillögur SA og ASÍ



Heimild ráðherra til að slíta félögum skv. 107. gr. hlutafélagalaga færð yfir til ríkisskattstjóra

- Ráðherra hefur aldrei nýtt heimild sína til félagsslita á þessum grundvelli.



Ríkisskattstjóri fái upplýsingar um refsidóma í tengslum við atvinnurekstur

- Breyting þessi er nauðsynleg þar sem í dag getur það komið fyrir að einstaklingur sem er vanhæfur samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga skrái sig sem stjórnandi hlutafélags.



Opinberir aðilar marki sér heildstæða stefnu um aðkomu sína að þrotabúum félaga

- Lagt er til að stefnan miði af því að hið opinbera gangi á undan með góðu fordæmi og taki þátt í riftunarmálum.



Hæfisskilyrði hlutafélaga nái til skuggastjórnenda

- Tryggja verður samræmi milli hæfisreglna hlutafélagalaga og atvinnurekstrarbanns sem mun bæði ná til skráðra stjórnenda og skuggastjórnenda.



# Tillögur SA og ASÍ

- 1 Atvinnurekstrarbannsheimild
- 2 Lífeyrissjóðsiðgjöld verði betur vernduð
- 3 Nefnd skipuð um hvernig megi styrkja stöðu kröfuhafa
- 4 Heimild ráðherra til að slíta félögum skv. 107. gr. hlutafélagalaga færð yfir til ríkisskattstjóra
- 5 Ríkisskattstjóri fái upplýsingar um refsidóma í tengslum við atvinnurekstur
- 6 Opinberir aðilar marki sér heildstæða stefnu um aðkomu að þrotabúum félaga
- 7 Hæfisskilyrði hlutafélaga nái til skuggastjórnenda

## 8 Fræðsla



# Fræðsla



- Eftirlitsaðilar munu aldrei geta séð alla þá háttsemi sem telst til kennitöluflakks.
- Með því að virkja almenning og ekki síst samkeppnisaðila, verður þeim aðilum sem byggjast framkvæma ólögmetta háttsemi sem telst til kennitöluflakks gert erfiðara um vik.



## Vandamál

Mat SA og ASÍ er að hluti af skýringunni á því hvers vegna kennitöluflakk er eins umfangsmikið hér á landi og raun ber vitni sé skortur á almennri þekkingu um viðfangsefnið. Birtist það t.d. í því að algengt er að ruglað sé saman hefðbundnum gjaldþrotaskiptum og kennitöluflakki.



## Tillaga

SA og ASÍ leggja til að stjórnvöld ásamt aðilum vinnumarkaðarins taki saman höndum og vinni sameiginlega að uppbyggilegri fræðslu. Með þessum tillögum er stigið fyrsta skrefið í þeirri vegferð.



## Niðurstöður

Tillögur SA og ASÍ fela í sér að kröfuhöfum og almenningi verði veitt samsvarandi réttarvernd gegn kennitölufлакki og annarri misnotkun á hlutafélagiforminu og þekkist í nágrennlöndum okkar.

Mikilvægt mál til að jafna samkeppnisstöðu og tryggja heilbrigt rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja.



# STÖÐVUM KENNITÖLU- FLAKK

TILLÖGUR SA OG ASÍ  
20. JÚNÍ 2017



Alþýðusamband Íslands



VIÐAUKI



Alþýðusamband Íslands





# Bætt gæði skiptastjóra



## Hvaða hæfisreglur eru gerðar til skiptastjóra?

- 2. mgr. 75. gr. gjaldþrotaskiptalaga.** Engan má skipa í starf skiptastjóra nema hann lýsi sig fúsan til að taka starfann að sér og:
1. sé orðinn 25 ára gamall,
  2. sé lögráða og hafi ekki misst forræði á búi sínu,
  3. sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt starfanum,
  4. hafi ekki orðið sannur að refsiverðu athæfi sem verður talið svívirðilegt að almenningsáliti eða athæfi sem gerir hann óverðugan nauðsynlegs trausts til að geta gegnt starfanum,
  5. hafi lokið embættisprófi í lögum,
  6. yrði ekki vanhæfur sem dómari í einkamáli sem þrotamaðurinn eða sá sem á kröfu á hendur þrotabúinu ætti aðild að eða, ef félag eða stofnun er til gjaldþrotaskipta, í einkamáli sem stjórnarmenn eða starfsmenn sem hafa haft daglega stjórn félagsins eða stofnunarinnar með höndum ættu aðild að.

## Vandamál

Skiptastjóri gegnir lykilhlutverki í því að sporna gegn kennitöluflakki og annarri misnotkun á hlutafélagiforminu. Kröfuhafar þrotabúa hafa mikla hagsmuni af því að skiptastjóri ræki hlutverk sitt af ábyrgð, festu og nákvæmni. Auk þeirra hafa samkeppnisaðilar, framtíðar kröfuhafar og í raun samfélagið allt mikla hagsmuni af því að gæði skiptastjórnar séu sem best.

## Tillaga

SA og ASÍ leggja til að tekið verði til skoðunar hvort nauðsyn sé á að gera auknar kröfur til faglegrar þekkingar skiptastjóra.



# Heimild ráðherra til að slíta félögum samkvæmt 107. gr. hlutafélagalaga færð yfir til ríkisskattstjóra



## 107. gr. hlutafélagalaga

„Bú hlutafélags skal tekið til skipta samkvæmt kröfu [ráðherra]:

1. Þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í lögum en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.
2. Ef hluthafar verða færri en tveir enda sé eigi úr bætt innan þriggja mánaða.
3. Ef félagið tilkynnir ekki hlutafélagaskrá um stjórn eða stjórnarmenn, sem fullnægja lögákveðnum skilyrðum, innan árs frá lokum lögmæltis frests til þess eða hefur ekki framkvæmdastjóra, sbr. 65. gr.
4. ... 2)
5. Ef hlutafélagaskrá neitar um eða fellir úr gildi löggildingu skilanefndar skv. 4.–6. mgr. 111. gr.“



### Vandamál

Núverandi hlutafélagalöggjöf gefur ráðherra heimild til þess að slíta félögum. Ráðherra hefur aldrei nýtt heimild sína til félagaslita á þessum grundvelli.



### Tillaga

Færa ætti heimild ráðherra til að slíta félögum skv. 107. gr. hlutafélagalaga yfir til ríkisskattstjóra.



# Ríkisskattstjóri fái upplýsingar um refsidóm í tengslum við atvinnurekstur



## Vandamál

Embætti ríkisskattstjóra þarf í dag að leita uppi dóma jafnóðum. Þar sem það er allur gangur á því hvort refsidómar séu birtir getur það alltaf komið fyrir að einstaklingur sem telst vanhæfur skrái sig sem stjórnandi félags.



## Tillaga

Ríkisskattstjóri fái upplýsingar um refsidóma í tengslum við atvinnurekstur.



# Opinberir aðilar marki sér heildstæða stefnu um aðkomu sína að þrotabúum félaga



## Vandamál

- Opinberir aðilar hafa að mjög takmörkuðu leyti í gegnum tíðina beitt sér sem virkir kröfuhafar í þrotabúum.
- Þátttaka í riftunarmálum er sjaldgæf sem verður að teljast afar neikvætt þar sem opinberir aðilar eru oft stærsti einstaki kröfuhafi gjaldþrota félaga.

## Tillaga

- SA og ASÍ leggja til að hið opinbera marki sér reglur um aðkomu sína sem kröfuhafi í þrotabúum gjaldþrota félaga.
- Lagt er til að stefnan miði að því að hið opinbera gangi á undan með góðu fordæmi og taki þátt í riftunarmálum.



# Hæfisskilyrði hlutafélagalaga nái til skuggastjórnenda



## Skuggastjórnandi

### Skilgreining:

Skuggastjórnandi er einstaklingur sem starfar í raun sem stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri félags í skilningi hlutafélagalaga án þess að vera formlega skráður sem slíkur.



## 66. gr. Hlutafélagalaga

„Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórnar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.“



### Vandamál

Auðvelt er að sniðganga hæfisreglur hlutafélagalaga. Vafamál er hvort núverandi hlutafélagalög nái til skuggastjórnenda.



### Tillaga

Tryggja verður samræmi milli hæfisreglna hlutafélagalaga og atvinnurekstrarbanns sem mun bæði ná til skráðra stjórnenda og skuggastjórnenda.



# Almenn sátt var um atvinnurekstrarbannsheimild í DK

Det er DI's vurdering, at forslaget om konkurskarantæne – dvs. at personer, der er gået konkurs med en virksomhed eller er involveret i en selskabslikvidation, kan blive pålagt forbud mod at stifte eller drive visse former for erhvervsvirksomhed – kan blive et vigtigtivilretligt supplement til straffelovens eksisterende regler om rettighedsfrakendelse i forbindelse med et strafbart forhold. Det straffeerlige system har vist sig i praksis ikke at yde tilstrækkelig beskyttelse over for konkursryttere mv.“

- Dansk Industri -

„... der vedtages nye regler om konkurskarantæne – vil være naturligt og rigtigt.“

- Danske Advokater -

„Advokatrådet finder dog efter en samlet vurdering, at der er fundet en balance mellem hensynet til retssikkerheden for den karantæne ramte og den effektivitet, som opnås via reglerne om konkurskarantæne i konkursloven.“

- Advokatrådet -



# Af hverju afnámu Norðmenn hlutlæga vanhæfisreglu við gjaldþrotaskipti og tóku upp atvinnurekstrarbannsheimild?

„Prinsippet om automatisk konkurskarantene ble ikke videreført i den nye konkursloven, men erstattet av regler om individuell prøving av om lovens vilkår er oppfylt og om vedkommende skal ilegges konkurskarantene. Bakgrunnen for denne speilvingingen av karantenebestemmelsen var den massive kritikken mot den automatiske karanteneordningen, som ble reist fra flere av høringsinstansene under behandlingen av forslaget til ny konkurslov“.

- Uttalelse nr. 44 –  
konkurskarantene, bls. 4 -

„Baggrunden for, at ordningen blev ændret, var bl.a., at man fandt den automatiske karantæne retssikkerhedsmæssigt betænkelig, og at de stramme regler havde medført, at det i praksis var meget svært at få kvalificerede personer til at påtage sig hverv i virksomheder, især i virksomheder, som var i krise.“


- Konkursrådets betænkning om  
konkurskarantæne nr. 1525/2011, bls. 8 -



# Tölulegar staðreyndir um gjaldþrotaskipti

## Tjón vegna gjaldþrotaskipta (tapaðar lýstar kröfur)

m.a. kr. á verðlagi 2016



Annað Fjármála- og váttryggingarstarfsemi

\*Gögnin ná frá 1. mars 2012 til 24. janúar 2013 og hafa verið uppreiknuð m.v. heilt ár.

\* Að viðbættum fimm stærstu gjaldþrotum ársins 2016 er heildartjónið ríflega 312 milljarðar króna.

## Heimtar og tapaðar kröfur

2015-2016

